



# Breiðdælingar móta framtíðina

## Skilaboð íbúapings, nóvember 2013



## EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1	5.3 Útsýnisskífa á Arnarpúfu.....	10
1. Inngangur.....	2	6. Menning og setur.....	11
2. Forgangsröðun.....	3	6.1 Sr. Einar í Eydölum.....	11
3. Atvinnumál.....	4	6.2 Breiðdalssetur.....	12
3.1 Slippur.....	4	6.3 Frumkvöðlasetur.....	13
3.2 Matvælavinnsla.....	5	7. Íþróttahús og tengd starfsemi.....	14
3.3 Ríkisstarfsmenn og embættismenn.....	5	8. Byggðapróun.....	14
3.4 Vaxtarstyrktarverkefni.....	6	8.1 Samgöngur og svikin loforð.....	14
4. Ferðapjónusta.....	7	8.2 Sumarbústaðir á Breiðdalsvík.....	15
4.1 Rafræn leiðsögn.....	8	8.3 Sameining sveitarfélaga.....	15
5. Umhverfi og stígar.....	8	9. Skilaboð frá ungu fólki.....	16
5.1 Umhverfismál og umgengni.....	8	9.1 The Pointless Door of Iceland.....	17
5.2 Göngustígar og arfleifð Hildar E.....	9	10. Að lokum.....	18

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu,  
verkefnisstjórn og heimamönnum í Breiðdalshreppi  
sem aðstoðuðu við framkvæmdina  
eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf  
og skemmtilegt þing.*

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, í samstarfi við starfsfólk Byggðastofnunar.

Þingið var haldið í Grunnskóla Breiðdalshrepps.

Breiðdalshreppur og Kvenfélagið Hlíf sáu um veitingar.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Byggðastofnun og ILDI.

Í verkefnisstjórn sitja:

Aðalsteinn Þorsteinsson, Byggðastofnun.

Helga Hrönn Melsteð, fulltrúi íbúa.

Karl Sölvi Guðmundsson, Austurbrú.

Ólafur Áki Ragnarsson, Austurbrú og SSA.

Páll Baldursson, Breiðdalshreppi.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Þóroddur Bjarnason, Byggðastofnun og Háskólanum á Akureyri.



## SAMANTEKT

„Breiðdælingar móta framtíðina“ er yfirskrift byggðapróunarverkefnis í Breiðdalshreppi, sem leitt er af Byggðastofnun í samstarfi við Breiðdalshrepp, Austurbrú, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Háskólann á Akureyri og íbúa Breiðdalshrepps. Leitast er við að virkja íbúa til þátttöku í mótun framtíðarsýnar og forgangsröðun verkefna með það að markmiði að efla byggð.

Nærri 50 íbúar tóku þátt í íbúapingi sem haldið var í Grunnskólanum á Breiðdalsvík, helgina 2. – 3. nóvember, 2013. Dagskráin varð til með þeim hætti að þátttakendur stungu upp á málefnum og stýrðu umræðuhópum. Á þinginu varð lífleg umræða um byggðamál í Breiðdal í víðum skilningi, atvinnumál, umhverfismál og samfélag. Fyrir þingið var gerð tilraun til að ná sérstaklega til ungs fólks sem er fjarri heimahögum vegna náms eða starfa. Stofnaður var hópur á Facebook og mætti fulltrúi hópsins á þingið til að gera grein fyrir hugmyndum og ábendingum unga fólksins.

Atvinnumál eru mikilvægasti þátturinn í eflingu byggðar í Breiðdalshreppi, að mati þátttakenda á íbúapinginu. Ýmsir möguleikar eru til fjölgunar atvinnutækifæra, ekki síst með því að byggja á sérstöðu svæðisins, náttúru, sögu og matvælaframleiðslu. Horft er til ferðaþjónustu, nýtingar á aflögðu frystihúsi og loks fékk hugmynd um slipp fyrir báta að 30 tonnum góðan hljómgrunn. Þá er áhugi á að fjölga opinberum störfum, sem hefur fækkað verulega á síðustu þremur áratugum. Var þar vísað til möguleika á fjarvinnslu. Meðal hugmynda ungs fólks má nefna „The Pointless Door of Iceland“, dyr staðsettar úti á víðavangi, þar sem gestir og gangandi gætu látið taka af sér mynd og fengið staðfestingu á að hafa farið í gegnum dyrnar. Rætt var um menningu og setur. Unnið er að undirbúningi vegna Einarstofu,

til heiðurs lífsstarfi séra Einars Sigurðssonar í Eydölum, sem áformað er að vígja árið 2017 og var óskað eftir stuðningi við verkefnið. Ræddar voru ýmsar leiðir til eflingar Breiðdalsseturs sem stofnað var 2008 og fæst við málvísindi, jarðfræði og sögu. Þá voru viðraðar hugmyndir um frumkvöðlasetur sem gæti verið hluti af starfsemi Breiðdalsseturs. Í umræðu um stuðning við frumkvöðla almennt var það orðað svo: „Hver er sinnar „kæfu“ smiður en menn þurfa stundum stuðning og samvinna er frekar til þess að allir vinna“.

Fram komu ábendingar um úrbætur á almenningsamgöngum á Austurlandi og kallað eftir því að endurvekja loforð yfirvalda um að klára vegagerð í botni Breiðdals. Áhugi er á að bæta göngustíga og gera göngustígakort og sinna betur umhverfismálum og ásýnd.

Breiðdælingar eiga sér draum um að auka notkun íþróttahúss og efla félagslíf, m.a. með bæjarhátíð. Æskilegt væri að búnir yrðu til samstarfshópar um slíka viðburði og lögð áhersla á að markaðssetja það sem er í boði, t.d. í gegnum Markaðsstofu Austurlands, sögðu þátttakendur. Sameining sveitarfélaga kom til umræðu og voru skilgreindir kostir og gallar við sameiningu annars vegar við Fljótsdalshérað og hins vegar Fjarðabyggð. Samkvæmt forgangsröðun þátttakenda er sameining hins vegar ekki ofarlega á blaði sem liður í eflingu byggðar.

Breiðdalshreppur er einn af fjórum stöðum þar sem Byggðastofnun stendur fyrir sambærilegum verkefnum, í svokölluðum „brothættum byggðum“. Hinir staðirnir eru Bíldudalur, Skaftárhreppur og Raufarhöfn, þar sem verkefnið er lengst komið. Umsjón með þinginu hafði Ildi, þjónusta og ráðgjöf. Nú mun verkefnisstjórn vinna frekar úr skilaboðum þingsins og marka stefnu um eftirfylgni, sem síðan verður kynnt á fundi með íbúum.

## 1. INNGANGUR

„Breiðdælingar móta framtíðina“ er verkefni á vegum Byggðastofnunar, í samstarfi við Breiðdalshrepp, Austurbrú, Samband sveitarfélaga á Austurlandi og Háskólann á Akureyri, ásamt íbúum í Breiðdal.

Markmið verkefnisins er að stofnanir, sveitarfélag og íbúar leggi saman krafta sína og leiti leiða til eflingar byggðar í Breiðdalshreppi. Þannig er horfið frá þeirri nálgun að stofnanir eða stjórnvöld komi með lausnir sem ekki eru sprottnar innan frá. Byggt er á samfélaginu sjálfu, íbúunum og þeirra vilja, krafti og frumkvæði. Hugtakið **valdefling** er leiðarljós í allri vinnu með íbúum, hvort heldur er fyrirkomulag funda eða ferlið í heild sinni.

ILDI, þjónusta og ráðgjöf hefur umsjón með þátttöku íbúa, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Breiðdalshreppur er einn af fjórum stöðum þar sem Byggðastofnun stendur fyrir sambærilegum verkefnum, undir yfirskriftinni „Brothættar byggðir“. Hinir staðirnir eru Skaftárhreppur, Bíldudalur og Raufarhöfn, þar sem verkefnið er lengst komið.

Undirbúningur verkefnisins hófst í maí 2013 þegar fundað var með sveitarstjórn og verkefnisstjórn tók til starfa.

Helgina 2. – 3. nóvember 2013 var haldið íbúapínging í Grunnskólanum á Breiðdalsvík. Á þingið mættu tæplega 50 manns og málefni byggðarlagsins voru rædd vítt og breitt. Þátttakendur voru á breiðum

aldri og settu börn og ungt fólk svip sinn á þingið. Til gamans má geta þess að á þinginu var m.a. yngsti Breiðdælingurinn, í fylgd foreldra.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð<sup>1</sup>. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa. Hér fer á eftir samantekt um skilaboð þingsins. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum hópa, þ.e. því sem stungið var upp á. Það má segja að samantektin hafi orðið til jafnóðum á þinginu því uppistaðan í köflunum hér á eftir er komin beint frá umræðuhópunum sem skráðu niðurstöður sínar í tölvur í lok umræðna.

### Hvað þarf til?



Verkefnið er tilraun til að styrkja samfélag innan frá og byggja brú milli innri stöðu og ytri aðstæðna.

<sup>1</sup> <http://www.openspaceworld.org/>

## 2. FORGANGSRÖÐUN


Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Breiðdalshreppi. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útteila á málaflokka eftir eigin mati.

Þau þrjú atriði sem raðast hæst varða atvinnumál, atvinnumál almennt, uppbyggingu slipps og matvælavinnslu. Auk þess er ferðaþjónusta ofarlega og í hópnum sem ræddi um „Ríkisstarfsmenn og embættismenn“ kom fram að slíkum störfum hefur fækkað til muna. Tvö einstök verkefni sem tengjast bæði menningu og ferðaþjónustu skora hátt, það er áform um setur tengt ævistarfi sr. Einars Sigurðssonar í Eydölum og hugmynd sem kom frá ungu fólki um „The Pointless Door of Iceland“. Af atriðum sem varða samfélagið og samveru, fær „Íþróttahús og tengd starfsemi“ mest vægi.

Samkvæmt niðurstöðum forgangsröðunarinnar eru Breiðdælingar ekki uppteknir af því að vilja sameinast öðrum sveitarfélögum.

Nokkur umræða varð um þá þróun að vaxandi hlutfall íbúðarhúsa á Breiðdalsvík eru sumarhús þar sem ekki er föst búseta. Þetta er hins vegar ekki eitt af stóru viðfangsefnum varðandi byggðapróun, ef marka má forangsröðunina.

Fjallað er nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni, í köflunum hér á eftir.



## 3. ATVINNUMÁL

Hópur sem ræddi um atvinnumál almennt, beindi sjónum sínum sérstaklega að mögulegri nýtingu á Frystihúsi Breiðdalsvíkur sem nú stendur að mestu vannýtt.

Þar væri hægt að staðsetja þvottahús, samkvæmt hugmyndum þátttakenda. Þvottahúsið gæti sinnt þjónustu við einstaklinga, þrifum fyrir hótél og öðrum þrifum.

Bókhaldsþjónusta var eitt af því sem fjallað var um og rætt um tölvuver og skráningarvinnu í tengslum við þá starfsemi.

Hægt væri að nýta húsið að hluta fyrir fjölnotasal þar sem haldin væru Þorablót, árshátíðir, skemmtanir og fleira.

Þá var stungið upp á því að Breiðdalshreppur fengi hluta af aðstöðunni til ýmissa nota:

### Aðstaða Breiðdalshrepps:

- Flokkunarstöð.
- Slökkvistöð.
- Áhaldahús.
- Steinasafn.
- Vélasalur.
- Sýningarsalur.

*Möguleg not fyrir frystihús:  
þvottahús, bókhaldsþjónusta,  
fjölnotasalur og aðstaða  
Breiðdalshrepps.*


## 3.1 SLIPPUR

Hugmynd um að setja upp slipp í húsi þar sem áður var sláturhús, fékk góðan hljómgrunn. Þar yrði þjónusta fyrir 30 tonna báta og minni. Fram kom að enginn slippur er nú frá Vestmannaeyjum að Seyðisfirði.

Bent var á að hægt væri að kaupa notaðan dráttarvagn og notað spil.

Til að meta vægi slíkrar starfsemi í atvinnusköpun kortlagði umræðuhópurinn hvaða störf gætu skapast.

- Störf sem kæmu strax
  - Rafvirkjar.
  - Vélsmiðja.
  - Trésmiður.
  - Járnsmiður.
  - Plastiðnaðarmaður.
  - Rafeindavirkjar.
  - Málalarar.
  - Skrifstofa.
- Að mati hópsins gætu einnig eftirtalin afleidd störf orðið til
  - Skipaskoðunarmaður.
  - Skipatækniþjálfingur.
  - (Skrifstofuþjónusta).



## 3.2 MATVÆLAVINNSLA

Í hópi sem fjallaði um matvælavinnslu kom fram mikill áhugi á að leggja aukna áherslu á vinnslu og markaðssetningu matvæla úr héraði. Unnið yrði úr heimafengnu hráfefni og væri hægt að bjóða t.d. ærkjöt, fisk, sultur, þara, jurtir og fleira.

Ýmis möguleikar eru varðandi heilsueflandi matvæli, þurrkað kjöt/mjólk/osta, að mati þátttakenda.

Rætt var um hefðbundna íslenska heimilismatinn, kjöt, fisk og reyktan silung. Bjóða mætti ferðamönnum t.d. síld og rúgbrauð, selja síld í krukum og einnig hafa harðfisk til sölu.

Möguleikar á nýtingu berja komu til umræðu. Þar var rætt um berjatínslu til að selja ber fersk í búðir. Þetta gæti verið valkostur fyrir ferðamenn. Berjavín, gæti líka verið spennandi afurð, samkvæmt hópnum.

Hægt væri að bjóða nestspakka fyrir ferðamenn, þar sem áhersla væri á matvæli af svæðinu.

Kallað var eftir þeim kosti að slátra á svæðinu, t.d. með færanlegu sláturhúsi, eða með því að „...slaka á reglum sem eru í veginum“.

Loks voru ræddar hugmyndir um að bjóða gestum og ferðamönnum að gerast „Bóndi í einn dag/viku/mánuð“ (mögulega Jórvík).

*Matvæli úr héraði, heilsueflandi matvæli,  
íslenski heimilismaturinn, nestspakkar  
fyrir ferðamenn og fleira og fleira.*





### 3.3 RÍKISSTARFSMENN OG EMBÆTTISMENN

Fram kom hjá hópnum að ríkisstarfsmönnum og embættismönnum hefur fækkað mikið í Breiðdal á síðustu 30 árum. Um 1980 voru a.m.k. tólf opinberir starfsmenn og embættismenn í Breiðdal, nú eru þeir tveir.

Þetta voru helstu umræðupunktur hópsins:

Hægt er að vinna mörg opinber störf hvar sem er á landinu.

Fram kom að áhugi er hjá SSA og Austurbrú að draga opinber störf austur í fjórðunginn. Markmið fyrir 2014 er að ná 30 störfum.

Atvinnustefna og fjárveitingar ríkisins hefur úrslitaáhrif á búsetuþróun og breytingar á byggð í landinu.

Við sameiningu stofnana hefur reynslan verið sú að stjórnýslan og störf yfirmanna flyst suður, en almennu störfin verða að mestu áfram á viðkomandi svæði.

Við flutning starfa í dreifðar byggðir er mikilvægt að tryggja fjárveitingar til lengri tíma, þegar fjárveitingar fást frá ári til árs þora menn síður að fara út í óvissuna.

Hópurinn hvetur Austurbrú til að flytja störf til Breiðdalsvíkur, þeir starfsmenn gætu áfram unnið í teymi Austurbrúar og hefðu stuðning frá öðrum starfsmönnum.

*„Ríkisstarfsmönnum og  
embættismönnum hefur fækkað úr  
12 í tvo á síðustu 30 árum“.*

### 3.4 VAXTARSTYRKARVERKEFNI

Stungið var upp á umræðu um verkefni og starfsemi sem gætu skapað gerjun í atvinnulífi og samfélagi – gjarnan þá verkefni sem hægt væri að afla styrkja fyrir. Yfirskrift hópsins var „vaxtarstyrktarverkefni“.

Fram kom að Atvinnu-, ferða, og menningarmálanefnd Breiðdalshrepps á gagnabanka sem gott væri að nýta áfram í vinnu með hugmyndir og sameiginleg verkefni.

Rætt var um að færa áfram keflið, þ.e. að góðar hugmyndir deyji ekki með fólksflutningum eða aðeins einn einstaklingur sé að halda þeim uppi og stundum við það að gefast upp.

Sem dæmi um viðburði/verkefni þar sem margir þurfa að leggja hönd á plóg var nefnt: Bæjarhátíð, kvennahlaup, ungmennafélag og 17. júní.

Sagt var: „Fullt af góðum hugmyndum, fáar hendur á stundum, hverju þurfum við að henda og hverju viljum við halda?“.

Fram kom að „...stuðningsnet við styrkjakerfið og styrkumsækjendur mætti vera sýnilegra, meira styðjandi og jákvæðara fyrir hugmyndum manns, mætti mata menn meira ef þeir óska“.

Hópurinn lagði til að búnir yrðu til samstarfshópar um öll verkefni, eins og bæjarhátíð. Mikilvægt væri jafnframt að vera vakandi og vera með í markaðssetningu á viðburðum á Austurlandi og voru „Dagar myrkurs“ nefndir sem dæmi.

Rætt var um samspil frumkvæðis og stuðnings og niðurstaðan var orðuð þannig: „Hver er sinnar „kæfu“ smiður en menn þurfa stundum stuðning og samvinna er frekar til þess að allir vinna“.

## 4. FERÐAÞJÓNUSTA

Einn hópur ræddi um ferðaþjónustu undir yfirskriftinni „Stoppistöð ferðamanna“ og einnig var unnið sérstaklega með hugmyndina „Grýta landnámskonunnar“. Loks var rætt um möguleika tengda rafrænni leiðsögn.

Rætt var um að „bregða fæti fyrir ferðamenn“ og horft bæði til sumar- og vetrarferðamennsku.

### Vetrarferðamennska:

- Norðurljós.
- Hreindýr.
- Ljósmyndun.

### Sumarferðamennska:

- Hjólaleiga og ferðir með leiðsögn.
- Gönguleiðir.

Þá var rætt um afþreyingu sem er mis bundin árstíðum:

- Golfvöllur, nokkrar holur og/eða púttvöllur.
- Handverks sölustaður – Breiðdælskt handverk.
- Útsýnisflug.
- Sjóstangveiði af strönd - Dorgveiði af bryggju.
- Furðufugla skoðun – „Meet the locals“.
- Bóndi einn dag - viku - mánuð/i.
- Búnaðarhátíð.
- Refaveiðar.

Í umræðu um samgöngur, aðstöðu og aðgengi var komið inn á almenningssamgöngur milli Hafnar og Egilsstaða. Kallað var eftir fleiri útskotum á vegi og bent á að ferðamenn stoppi á slæmum stöðum. Þá kom fram að bæta þurfi aðgengi að Beljanda og Flögufossi og kannski fleiri stöðum.

Nota mætti sögur sem tengjast svæðinu, t.d. um Tyrkjarán, tröll og álfa, í tengslum við ferðaþjónustu.

Á Þjóðminjasafninu er geymd Klébergsgryta landnámskonunnar, sem fannst í konukumli í gamla túninu í Snæhvammi eftir 1800.

Hana væri hugsanlega hægt að fá lánaða í Gamla Kaupfélag og sýna ferðafólki og heimamönnum. Áhugavert að skoða á þeim stað þar sem hún fannst.

Um er að ræða athyglisverðan fornmun sem er úr Breiðdal og tengist Víkingatímanum og landnámssögu Íslands.

Rætt var um upplýsingagjöf og markaðssetningu. Til að koma Breiðdalnum á framfæri mætti gera vefsíðu með upplýsingum um afþreyingu á staðnum og auka samstarf við ferðaskrifstofur.

Varðandi upplýsingar eftir að komið er á staðinn, var rætt um að gera skilti eða kort með örnefnum á svæðinu og jafnframt bent á að nýta megi jarðfræðiupplýsingar í ferðamennsku.

## 4.1 RAFRÆN LEIÐSÖGN

Hér var rætt um þá hugmynd að þróa rafræna leiðsögn fyrir ferðamenn sem sækja Breiðdal heim.

Annað hvort verði einfaldlega hringt í númer, sem gefið væri upp á viðkomandi stað, eða þróað yrði APP sem tengdist GPS staðsetningu.

Boðið yrði upp á íslensku og önnur helstu tungumál.

Einnig er áhugi á að útfæra svokallað „Rölt og brölt“, sem nokkuð var unnið að í sambandi við Breiðdalssetur fyrir nokkrum árum.

Lagt var til að sótt verði um styrk í Vaxtarsamning Austurlands og Atvinnuþróunarsjóð Austurlands.



## 5. UMHVERFI OG STÍGAR

Þrjú hópar ræddu um mál sem tengjast umhverfismálum, stígum og fleiru slíku. Yfirskrift hópanna var: „Umhverfismál og umgengni“, „Göngustígar og arfleifð Hildar E. sem bjó í Sæberginu“ og „Útsýniskífa á Arnarþúfu“.

### 5.1 UMHVERFISMÁL OG UMGENGNI

Hópurinn sem fjallaði um umhverfismál og umgengni hafði þann metnað að „Gera Breiðdalsvík og Breiðdal að fyrirmynd varðandi góða umgengni í þorpum.“

Fram kom að víða eru nú fallegir garðar við íbúðarhús, en bæta þurfi úr annars staðar.

Mikilvægt sé að bæta umgengni á iðnaðarsvæðum, sérstaklega í Nesinu (við Selnes) sem er m.a. mjög áhugavert svæði fyrir ferðamenn.

Bent var á að hægt er að hafa iðnaðarsvæði til fyrirmyndar, sbr. Fáskrúðsfjörð.

Hópurinn lagði eftirfarandi til:

- Grafa upp gamalt naust við Selnes, svokallaða Olnbogaskelja fjöru, sem mokað var yfir á 10. áratugnum.
- Hreinsa steinafjöru fyrir botni víkunnar, við Bakka. Þar er slétt og falleg fjara sem svipar til Meleyrar.
- Í sumar kom hingað hópur frá Listaháskóla Íslands og fleirum, sem gerði úttekt á umgengni og skoðun ferðamanna á Breiðdalsvík. Hafa samband við þennan hóp.

- Verðlauna fallega garða við íbúðarhús og lóðir á iðnaðarsvæði. Sömuleiðis góða umgengni á bændabýlum.
- Breyta Sólvöllum í vistgötu (?).
- Dýpka tjörn á Bakkanum og fá fisk í hana. Laga bát á Bakkanum.
- Athuga flutning á flokkunarstöð og sorpmóttöku.
- Fjarlægja ólögleg leiktæki við skóla og á Bakka.

## 5.2 GÖNGUSTÍGAR OG ARFLEIÐ HILDAR E.

Hópurinn ræddi um göngustíga og ýmislegt fleira sem varðar umhverfi, ásýnd og þjónustu við ferðamenn.

Göngustígar og skilti:

- Klára göngustíg fyrir ofan Sæberg.
- Kort af göngustígakerfinu. Bæði í vasabroti og eins sett upp á nokkrum stöðum í plássinu.
- Örnefni á skilti við göngustígana. Laga svæðið þar sem húsið hennar Hildar E. í Sæberginu stóð og setja upp skilti með hennar lífshlaupi og fleiru.
- Koma fyrir fuglakortum, t.d. uppi á Hellum.
- Kort af fuglum, fiskum, bátum, veiðarfærum og koma því fyrir úti við höfnina.

Rætt var um trjárækt og stungið upp á að gróðursett verði tré á eyjuna fyrir framan Hótel Bláfell. Einnig að grisja þurfi trén við Hellurnar ofan við þorpið. Einhver þyrfti að fara af stað sem hefur til þess þekkingu og merkja þau tré sem má taka. Síðan gætu einhver félagasamtök farið og fjarlægð trén og selt þau, annað hvort sem jólatré eða til gróðursetningar.

Mýrin innan þorps í grennd við steypustöð. Mikil aukning fugla þar, sem vert væri að hugsa betur um.

Fram kom hugmynd um að nota vitann úti í Nesi sem sýningarsal fyrir myndasýningu, t.d. gamlar myndir úr plássinu eða eitthvað slíkt fyrir ferðamenn. Setja mætti upp „live“ myndasýningu af vinnu sjómanna um borð. Vera með myndavél og streyma þessu beint uppá vegg með myndvarpa eða á skjá sem koma mætti fyrir t.d. á endann á áhaldahúsi, inni í frystihússal. Myndir líka neðansjávar.

Þjónusta við ferðamenn:

- Koma upp salernisaðstöðu á tveimur stöðum.
- Merkja rusllosumastað fyrir ferðamenn.
- Losunarstað úr ferðasalernum.
- Stærra tjaldsvæði.



### 5.3 ÚTSÝNISSKÍFA Á ARNARÞÚFU

Í þessum hópi var rætt um að setja útsýnisskífu á svæðið við Arnarþúfu ásamt fleiri hugmyndum.

Tillögur hópsins voru svohljóðandi:

1. Leggja veg á svæðið og stæði fyrir rútur. Nú þegar er slóði sem má laga en nauðsynlegt er að setja hólk í læk.
2. Setja upplýsingaskilti sem t.d. bendir á eldstöðina gegnt Þorgrímsstöðum. Jafnvel láta útbúa líkan. Setja á skífuna örnefni og fjallanöfn í dalnum.
3. Á þessum stað mætti einnig setja á skilti einhverja sögu af Breiðdalsvík.
4. Einnig mætti koma fram saga þorpsins, hvernig það þróaðist, myndir úr fortíðinni, hvernig snjóaveturinn 1974 fór með hús á staðnum, saga fiskvinnslu, söltunin, skipin, einhver saga þeirra athafnamanna sem starfað hafa á Breiðdalsvík sem og annarra eftirtektarverðra karaktera á staðnum.
5. Myndasýning í vitanum, t.d. með skjávarpa.

*„Skilti með upplýsingum um náttúru og sögu, örnefni og fleira og myndasýning í vitanum.“*



## 6. MENNING OG SETUR

Þrír hópar ræddu um þrjú mismunandi setur. Einarstofu, Breiðdalssetur og frumkvöðlasetur. Breiðdalssetur var stofnað árið 2008 en unnið er að undirbúningi vegna Einarstofu. Hugmynd um frumkvöðlasetur er komin skemmra á veg.

### 6.1 SR. EINAR Í EYDÖLUM

Um er að ræða setur helgað ævistarfi sr. Einars Sigurðssonar (1539-1626), sem var prestur í Eydölum í Breiðdal og var helsta trúarskáld sinnar tíðar.

Í umræðum hópsins kom fram að sr. Einar var afkastamesta ljóðskáld þjóðarinnar og hann er jafnframt ættfaðir allra núlifandi Íslendinga.

Merkar upplýsingar eru til um verk og störf sr. Einars. Munnmælasagnir tengja hann Tyrkjaráninu.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að verkefni sem tengist 500 ára siðbótarafmæli Lúters, árið 2017. Um er að ræða að reisa Einarstofu við Heydalakirkju, sem tengdist þar með sálmaskáldinu, en sr. Einar hafði mikil áhrif á siðbótina með sálmakveðskap sínum.

#### Undirbúningur vegna Einarstofu

Heydalakirkja á fjármuni, sem hafa verið „eyrnamerkir“ þessu verkefni. Þessir fjámunir fengust vegna afnota og leigu til Fljótsdalshéraðs af urðunarstað á Heydalamelum, sem nýttur var um nokkurt skeið.

Jafnframt verði leitað eftir stuðningi ríkis og Þjóðkirkju og er hér tillaga um fjármögnun:

Framlag Heydalakirkju	16 milljónir
Framlag frá ríki	40 milljónir
Þjóðkirkjan	15 milljónir

Stefnt er að undirbúningi verkefnisins og fjáröflun heima fyrir. Umræðan á þinginu, var eins og einhver sagði „nokkurs konar upphitun“.

Fleiri hugmyndir tengdar Einarstofu:

1. Hanna minjagripri tengda sr. Einari.
2. Til eru lög við nokkra sálma sr. Einars, fengin verði fleiri lög og gefinn út geisladiskur.
3. Útbúin verði skjöl þar sem raktar eru ættir manna til sr. Einars.
4. Efla kynningu á verkum sr. Einars og áhrifum hans á menningu, menntun og samfélag nútímans.

Fram kom að stefnt væri að því að vígja Einarstofu árið 2017.

Hópurinn kom sér saman um svohljóðandi ályktun: „Hópurinn leggur fram beiðni til Byggðastofnunar og Austurbrúar um að veita faglega aðstoð við að koma þessum áformum í kynningu og framkvæmd, bæði varðandi byggingu Einarstofu og undirbúning við verkefnið í heild á réttum stöðum sem veitt geta fjármagn og stutt við verkefnið á allan hátt.“

## 6.2 BREIÐDALSETUR

Breiðdalssetur var stofnað árið 2008 og er til húsa í Gamla Kaupfélaginu. Á íbúapönginu ræddi einn hópur um setrið og möguleika því tengdu.

Hugmyndir voru flokkaðar í þau þrjú svið sem unnið er með í setrinu, jarðfræði, málvísindi og sögu Breiðdals. Þá var stungið upp á að stofnuð verði Hollvínasamtök Breiðdalsseturs.

### Jarðfræði

- Steinasöfn: Slípun steina, greining og þjónusta við ferðamenn.
- Bergsmásjá og þunnsneiðagerð fyrir ferðamenn.
- Námskeið í berggreiningu fyrir steinaáhugafólk.
- Minningarsetur frumkvöðla í jarðfræðirannsóknum á Austurlandi (nemendur Walkers o.fl.).
- Gistiprófessorar í jarðvísindum og tengdum greinum.
- Gæðaeftirlit með álframleiðslu: Alcoa og þjónusta varðandi efnisgæði fyrir álverin í landinu.

### Málvísindi

- Stefánsstofa.
- Örnefni.
- Rithöfundar.
- Guðjón Sveinsson.
- Gistiprófessorar í málvísindum og vinnustofa rithöfunda (Ólafur Haukur Símonarson var tilbúinn að koma hér og skrifa leikpátt um “Breiðdælinga” svona “Kaupfélagssögur” með Guðjóni Sveinssyni o.fl.).

### Saga Breiðdals

- Byggðin og saga byggðar.
- Ættfræði og ættir úr Breiðdal.
- Merkir einstaklingar.
- Útilegumenn og verustaðir þeirra.
- Vestur Íslendingar og þeirra Breiðdælsku rætur.
- Myndræn saga á gönguleiðum út frá “miðbæ” Breiðdalsvíkur.
- Skilti með myndum og skýringartexta.
- Camera Obscura (Sandra og fleiri voru að vinna með þetta).
- Séra Einar í Eyðolum á mikið erindi sem deild innan Breiðdalsseturs og myndi styrkja stofnunina umtalsvert.



## 6.3 FRUMKVÖÐLASETUR

Einn hópur ræddi um þá hugmynd að koma á frumkvöðlasetri, sem yrði deild í Breiðdalssetri. Rætt var um frumkvöðlaviku eða mánuð, hugmynd sem kallast „Þú núna!“ og verkefni tengd sögu. Umræðuefnið skaraðist nokkuð við atriði sem rædd voru í hópnum um Breiðdalssetur, sbr. kaflann hér á undan.

### Frumkvöðlavika (-mánuður) í íþróttahúsi og skóla á Beiðdalsvík

- Frumkvöðlar eru viðkvæmir og þurfa “vökvun” og umhyggju.
- Félagsmiðstöð fyrir unglunga með frumkvöðlagen.
- Vinna með lesblindu og ofvirkni o.fl.
- Skólahópar í náttúruskoðun, sjómennsku og landbúnað.
- Unglingamiðstöðvar sumar og vetur (styttri og lengri námskeið).
- Handverk og hannyrðir: Hönnun og nýsköpun.

### U – NOW: ÞÚ NÚNA!

- Upplýsingar fyrir ÞIG NÚNA.
- Atburðir, Norðurljós, bókanir á ferðum, hótél, flug, bílaleigur, skemmtiferðaskip, út að borða.
- Bókhalds- og rekstrarráðgjafarþjónusta.

### Dekk

- Sólning á dekkjum.
- Þróun á vistvænum vetrardekkjum.

Loks var rætt um hvernig hægt væri að gera söguna meira sýnilega, t.d. merka einstaklinga, útilegumenn og verustaði þeirra og Vestur-Íslendinga og þeirra Breiðdælsku rætur.

Stungið var upp á því að setja sögulegar upplýsingar fram með myndrænum hætti á gönguleiðum út frá “miðbæ” Breiðdalsvíkur, með skiltum með myndum og skýringartexta.

Líkt og í hópnum um Breiðdalssetur kom þetta fram: „Séra Einar í Heydölum á mikið erindi sem deild innan Breiðdalsseturs og myndi styrkja stofnunina umtalsvert“.





## 7. ÍPRÓTTAHÚS OG TENGD STARFSEMI

Í hópi sem ræddi um íþróttahús og tengda starfsemi var fjallað um möguleika til aukinnar nýtingar á íþróttahúsinu. Umræðan þróaðist yfir í félagslíf og viðburði almennt. Nokkra skörun má sjá í umræðu hópsins „Vaxtarstyrktarverkefni“, sbr. kafla 3.4.

### Íþróttahúsið

- Nýta húsið undir ýmsa starfsemi, t.d. blak, badminton, jóga, fótbolta, göngu fyrir aldraða (á hlaupabrettinu) og svo mætti lengi telja.
- Sundlaug: Athuga sjálfboðaliða við að laga sundlaugina.
- Varmadæla til kyndingar (sundlaug, skólinn og íþróttahúsið).
- Athuga með möguleika á styrk frá Alcoa.
- Senda gíróseðla heim til fólks til að styrkja íþróttahúsið.

### Viðburðir og félagslíf

Stungið var upp á því að halda bæjarhátíð, „...einhver dagur til að Breiðdælingar hittist og hafi gaman saman og brosi“. Af fleiri hugmyndum má nefna barsvar, kertafleytingu á tjörninni og að halda brennu. Hópnum datt í hug að stofna skemmtinefnd og voru Lilja Björk, Styrmir Ingi og Kolbrún Rós, skipuð í hana á staðnum.

Loks átti hópurinn sér þá ósk að komið yrði upp tjaldsvæði með rafmagni, fyrir húsbíla, fellihýsi og hjólhýsi.

## 8. BYGGÐAÞRÓUN

Hér verður greint frá skilaboðum þriggja hópa sem ræddu um „Samgöngur og svikin loforð“, sumarbústaði á Breiðdalsvík og sameiningu sveitarfélaga.

### 8.1 SAMGÖNGUR OG SVIKIN LOFORÐ

Hópurinn ræddi um rútuferðir innan fjórðungs, sem eru á vegum Alcoa annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Æskilegt er að mati hópsins, að samstilla tíma á rútum, t.d. Reyðarfjörður – Egilsstaðir, Reyðarfjörður – Neskaupstaður sem og strætóferðir milli landsfjórðunga. Í strætóferðirnar vanti reyndar legginn Egilsstaðir – Höfn.

Varðandi vegagerð innan sveitarfélags kallaði hópurinn eftir malbikun gatna í þorpinu. Endurvekja þurfi loforð yfirvalda um að klára vegagerð í botni Breiðdals, svo sem malbikun og brúargerð.

Loks komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að stefna ætti að gagnagerð undir Breiðdalsheiði og Berufjarðarskarð í staðinn fyrir Axarveg.

*„Bæjarhátíð; einhver dagur til að Breiðdælingar hittist og hafi gaman saman og brosi.“*



## 8.2 SUMARBÚSTAÐIR Á BREIÐDALSVÍK

Fram kom í umræðum hópsins, að u.þ.b. 15 íbúðir á Breiðdalsvík eru sumarbústaðir og lýsti hópurinn ákveðnum áhyggjum af þessari þróun. Ef atvinnutækifærum myndi fjölga, myndi sumarhúsum væntanlega fækka, að mati hópsins - og ef til vill öfugt. Ef íbúum myndi fjölga, kæmi það frekar í veg fyrir að „...húsin hérna yrðu seld eða keypt eingöngu sem sumarhús“.

Þátttakendur vörpuðu fram þeirri spurningu hvort hægt væri að leggja auknar álögur á sumarhús, til dæmis að gera það að skilyrði að búið væri í húsunum á ársgrundvelli, annars yrðu lögð á hærri gjöld.

## 8.3 SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Hópurinn fjallaði um sameiningu sveitarfélaga og greindi kosti og galla tveggja sameiningarkosta, við Fljótshérað eða Fjarðabyggð.

Fram kom að í dag eru engar tillögur um sameiningar uppi. Í báðum kostum yrði Breiðdalshreppur jaðarbyggð. Sameining sveitarfélaga hlaut engan punkt í forgangs röðun í lok þingsins og virðist því ekki ofarlega á blaði sem leið til eflingar byggðar. Greining hópsins var svohljóðandi:

### Fljótshérað

- Kostir
  - Landbúnaður.
  - Mikið sótt þjónusta.
  - Eina höfnin.
  - Æðislegt mannlíf.

- Gallar
  - Jaðarbyggð.
  - Öxi.
  - Blankir.
  - Minni þjónusta.

### Fjarðabyggð

- Kostir
  - Mikið sótt þjónusta.
  - Störf.
  - Æðislegt mannlíf.
  - Sterkari höfn.
- Gallar
  - Jaðarbyggð.
  - Gætum misst höfnina.
  - Alcoa.
  - Minni þjónusta.
  - Lítil landbúnaður.

Loks spurði hópurinn, „Hvað viljum við?“ og svaraði svo:

- Atvinnu.
- Fleiri kosti fyrir eldri borgara.
- Kosningar um sameiningu.
- Ef til sameiningar kæmi, yrði ráð, skipað heimamönnum, sem hefði aðkomu að málefnum Breiðdælinga.

## 9. SKILABOÐ FRÁ UNGU FÓLKI

Við undirbúning íbúðingsins kviknaði sú hugmynd að reyna að ná til ungra Breiðdælinga sem eru í burtu við nám og störf annars staðar á landinu eða erlendis. Búinn var til lokaður hópur á Facebook þar sem ræddar voru ýmsar hugmyndir. Um sjö manns voru virkir í umræðum, en hópurinn í heild var nokkuð stærri. Einn af þátttakendum mætti svo á þingið og fór þar yfir hugmyndir hópsins, sem fara hér á eftir. Á öðrum degi þingsins kom fram ein hugmynd til viðbótar frá Facebook hópnun, „The Pointless Door of Iceland“ og var hún rædd sérstaklega.

### Atvinnulíf

- Nýta iðnaðarhúsnæðin sem eru lítið/eða illa nýtt (t.d. út á Nesi) fyrir sprotafyrirtæki sem vantar húsaskjól. Þannig reyna að draga lítil og upprennandi fyrirtæki til staðarins.
- Styrkja grunnframleiðslu eins og landbúnað og sjávarútveg.
- Fiskeldi og óhefðbundin ræktun – kræklingarækt eða krabbarækt.

### Ferðaþjónusta

- Það vantar eitthvað fyrir ferðmenn að gera hér á kvöldin. Til dæmis er hægt að útbúa “skilti” sem fólk les um leið og það gengur um bæinn. Á bryggjunni væri hægt að hafa svona “skilti” með mynd af vinnunni og því sem fer fram þar.
- Skoða þær náttúruauðlindir sem eru til staðar á staðnum. Til dæmis náttúrufegurð og útvistartengd ferðaþjónusta fyrir ferðamenn – eða jafnvel útbúa vatn til átöppunar og útflutnings.

- Útbúa lítinn vel skipulagðan dýragarð eins og Dýragarðurinn í Slakka eða þá Dýragarðurinn í Hólmi (Höfn).
- Gera staðinn að viðkomustað í stað næturstaðar. Það mætti hafa samband við ferðaskrifstofur og kynna staðinn út frá náttúruskoðun og fleiru.
- Leyfa ferðamönnum að upplifa það að vera bóndi í einn dag / sjómaður í einn dag.
- Gista í gömlu eyðibýli, t.d. í Jórvík (gera það upp fyrst). Gera jafnvel hinn bæinn í Jórvík upp enda er hann mjög sérstakur að því leyti að vera einn fátta hlaðinna bæja sem enn standa og ekki var í eigu ríkra. Þar mætti vera safn um alþýðulíf, öfugt við öll þau söfn sem fjalla um líf efri stétta.
- Merkjja svæðið við Streitishvarfið betur svo ferðamenn þori að ganga niður að vitanum.

Hópurinn kom inn á ýmis fleiri mál, t.d. raforkuframleiðslu í sjó og...

- ...námskeið sem hægt væri að hafa:
  - Hannyrðaskóli.
  - Skóli sem kennir gamalt handverk.
  - Skóli sem kennir gamlar vinnuaðferðir.

Fram kom löngun til að „búa til meira úr bæjarhátíðinni okkar“ og nefnt að bjóða mætti t.d. upp á gönguferðir að Beljanda og fá tónskólanemendur til að troða upp. Stungið var upp á að grisja trén hjá klettunum og vera með kastara til að lýsa upp klettana. Sagt var: „Vera með nýjungar sem dregur að fólk“.

## 9.1 THE POINTLESS DOOR OF ICELAND

Hugmyndin gengur út á að koma upp dyrum sem markaðssettar yrðu sem „The Pointless Door of Iceland“.

Dyrnar yrðu staðsettar á Þverhamarshjalla og að honum lagður göngustígur, (stikun eða möl).

Velja staðsetningu og vegalengd fyrir dyrnar, þannig að miðað yrði við um það bil 20 mínútna göngu. Gætu mögulega verið staðsettar fyrir ofan Café Margrét.

Þeir sem færu í gegnum dyrnar fengju viðurkenningu og létu taka mynd af sér þar. Viðurkenningu væri hægt að fá t.d. í Gamla Kaupfélaginu eða Kaupfélaginu.

Hafa mætti upplýsingaskilti á leiðinni með fjallanöfnum og öðrum örnefnum og útsýni.

Til að láta hugmyndina verða að veruleika, þarf að fá leyfi landeigenda og sækja um styrki og finna út aðra fjármögnun.

Nokkrir þátttakendur ákváðu að leggja hugmyndinni lið, „Sif – Kalli og Rósa og örugglega fleiri“.

Mikill kraftur var í hópnum og þátttakendur sögðu: „Byrjuðum í dag!“.

*„Þeir sem færu í gegnum dyrnar  
fengju viðurkenningu og létu taka  
mynd af sér þar.“*



## 10. AÐ LOKUM

Atvinnumál almennt, slippur og matvælavinnsla eru þau þrjú málefni sem þeir Breiðdælingar sem þátt tóku í íbúáþingi í nóvember 2013 settu efst í forgangsröðun varðandi leiðir til eflingar byggðar. Á staðnum er atvinnuhúsnæði sem stendur autt og býður upp á ýmis tækifæri fyrir frumkvöðla. Á undanförunum árum hefur þróun í atvinnulífi einkennst af vaxandi ferðaþjónustu, landbúnaður er í þokkalegri stöðu og endurbætur á höfn hafa skilað auknum umsvifum í sjávarútvegi. En þetta nægir ekki til fjölgunar íbúa með fasta búsetu í sveitarfélaginu og nú eru íbúar 180, en voru 362 árið 1984.

Samkvæmt niðurstöðum íbúáþingsins er mikilvægast að fjölga atvinnutækifærum í Breiðdalshreppi til að renna styrkari stoðum undir byggðina. Draga má þá ályktun að nærtækast væri að styrkja það sem fyrir er. Það getur m.a. gerst með stuðningi við frumkvöðla og vöruþróun og nýsköpun hjá starfandi fyrirtækjum.

Erfið fjárhagsstaða Breiðdalshrepps takmarkar möguleika sveitarfélagsins til þátttöku í þróunarverkefnum.

Í umræðu um málefni samfélagsins birtist sá veruleiki smárra samfélaga að fáir einstaklingar eru burðarásar í félagsstarfi. Þó var hugur í fólki að „hafa gaman saman“ og var m.a. stungið upp á því að búa til samstarfshópa um viðburði.

Efling byggðar í Breiðdalshreppi er ekki einfalt úrlausnarefni, frekar en í öðrum brothættum byggðum, en virðist byggja á samspili lausna sem varða atvinnulíf, samfélag og stöðu sveitarfélagsins.

Þegar boðið er til þátttöku felst í því loforð um að nýta það sem út úr samráðinu kemur, í tengslum við ákvarðanir. Í bréfi sem sent var út til íbúa til að kynna íbúáþingið sagði m.a.:

*Verkefnisstjórnin hyggst vinna með íbúum Breiðdalshrepps og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar, í málum sem snúa að Byggðastofnun, Breiðdalshreppi, Austurbrú, SSA og Háskólanum á Akureyri. Við ákvarðanir þessara aðila verður upplýst hvernig skilaboð íbúáþingsins voru höfð til hliðsjónar. Verkefnisstjórnin mun einnig koma niðurstöðum íbúáþingsins á framfæri við ríkisstjórn og stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar í Breiðdalshreppi.*

Byggðastofnun leiðir verkefnið í samstarfi við Breiðdalshrepp, Austurbrú SSA og Háskólann á Akureyri og skipa fulltrúar þessara aðila verkefnisstjórn, auk þess sem þar situr fulltrúi íbúa. Verkefnisstjórnin mun nú vinna frekar úr skilaboðum. Stefnt er að öðrum íbúafundi í Breiðdalshreppi á nýju ári, þar sem greint verður frá eftirfylgni af hálfu verkefnisstjórnar og spurt um verkefni þar sem frumkvæðið er annarra.

Tilgangurinn með samstarfsverkefninu „Breiðdælingar móta framtíðina“, er að stilla saman strengi íbúa, sveitarfélags og stoðstofnana til að efla byggð. Það er vert að hafa í huga að þetta er langferð sem kannski tekst og kannski ekki. Frumkvæði og samstaða íbúa og stuðningur verkefnisstjórnar eykur líkurnar á því að eitthvað af þeim hugmyndum sem ræddar voru á íbúáþinginu verði að veruleika og að mögulegar lausnir verði í samræmi við takt og vilja samfélagsins sjálfs.